

Ársskýrsla

2013

Bókasafn Fjallabyggðar, Siglufirði, Ólafsfirði
Gránugötu 24 Aðalgötu 15
580 Siglufirði 625 Ólafsfirði
464-9120 464-9215
netfang: bokasafn@fjallabyggd.is
veffang: bokasafn.fjallabyggd.is
www.facebook.com/BokasafnFjallabyggdar

Héraðsskjalasafn Fjallabyggðar
Gránugötu 24
580 Siglufirði
464-9129
Netfang: skjalasafn@fjallabyggd.is
Veffang: bokasafn.fjallabyggd.is/is/skjalasafn
www.facebook.com/HeradsskjalasafnFjallabyggdar

Upplýsingamiðstöð Fjallabyggðar, Siglufirði
Gránugötu 24
580 Siglufirði
467-1555
Netfang: info@fjallabyggd.is

Janúar 2014
Sigríður Halldóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður

Efnisyfirlit

Bókasafn Fjallabyggðar.....	4
Lykiltölur 2013 (SI / ÓF)	4
Opnunartími	4
Mannauður	5
Námskeið / fundir.....	5
Viðburðir	6
Hannyrðakvöld.....	6
Sumarlestur.....	6
Bókasafnsdagurinn	7
Norræna bókasafnavikan.....	7
Bókakynning / upplestur	7
Héraðsskjalasafn Fjallabyggðar	8
Opnunartími	8
Mannauður	8
Námskeið / fundir.....	8
Afhendingar / heimsóknir.....	9
Fyrirspurnir.....	9
Sýningar	9
Verkefni / aðstaða / skjalageymslur	9
Upplýsingamiðstöð ferðamála Fjallabyggð, Siglufirði	11
Opnunartími	11
Mannauður	11
Námskeið.....	11
Heimsóknir	12
Bæklingar / kort.....	13

Myndaskrá

Mynd 1. Uppstilling á handbókum á bókasafnsdeginum.	7
Mynd 2. Merki Félag héraðsskjalavara á Íslandi.	8
Mynd 3. Sigríður Halldóra, héraðsskjalavörður og Jósep Örn Blöndal sonur Óla J. Blöndal heitins fyrrum forstöðumaður safnsins. Afhending á skjölum sumarið 2013 til héraðsskjalasafnsins úr skjalasafni þess síðar nefnda.	9
Mynd 4. Nokkrir héraðsskjalaverðir fengu sér heilsubótargöngu milli erinda á haustfundinum í Kópavogi.	10
Mynd 5. Staðsetning upplýsingamiðstöðvar í barnadeild bókasafnsins sumarið 2013 ásamt Guðna Brynjólfi starfsmanni.	11
Mynd 6. Fjöldi ferðamanna á upplýsingamiðstöð á opnunartíma ellefu til fimm í hverjum mánuði.	12
Mynd 7. Þjóðerni ferðamanna eftir mánuðum. 1 = júní, 2 = júní, júlí, 3 = júní, júlí, ágúst, 4 = júlí, 5 = júlí, ágúst, 6 = ágúst.	13

Bókasafn Fjallabyggðar

Bókasafn Fjallabyggðar er staðsett á tveimur stöðum í Fjallabyggð. Aðalsafnið er í ráðhúsinu á Siglufirði þar er fjölbreytt úrval rita, afþreyingarrít, fræðirit og safn tímarita. Í útibúinu í Ólafsfirði er áherslan lögð á útlán afþreyingarrita.

Lykiltölur 2013 (SI / ÓF)

Útlán: 7.587 (4703 / 2884)

Millisafnalán: 6 (6 / 0)

Lánþegar með gild bókasafnsskírteini 30. nóvember 2013: 282 (189 / 93)

Gestir: 5.138 (3910 / 1228)

Heimsóknir leikskólahópa: 0 (0 / 0)

Heimsóknir grunnskólabekkja: 4 (4 / 0)

Sumarlestur: 17 (11 / 6)

Hannyrðakvöld, eingöngu á Siglufirði: 11

Fjöldi skráðra eintaka í Gegni 31. desember 2013: 33.709 (18604 / 15105)

Opnunartími

Fyrri hluta árs voru bókasöfnin opin á mismunandi tímum dagsins sem hentaði vel til að koma til móts við mismunandi þarfir safngesta. Opnunartími í Ólafsfirði var mánudag kl. 16:00 – 19:00, þriðjudag kl. 16:00 – 19:00, miðvikudag kl. 14:00 – 17:00, fimmtudag kl. 16:00 – 20:00 og föstudag lokað. Í kjölfar stjórnsýsluúttektar var forstöðumanni gert að samræma opnunartíma safnanna. Til að byrja með var opnunartími í Ólafsfirði breytt í 14:00 – 17:00 alla virka daga en á Siglufirði hélst opnunartími óbreyttur til ársloka, þriðjudaga til föstudags klukkan 13:30 – 17:00 og réði þar helst skortur á fjármagni til framkvæmda. Lokað var á stórhátíðardögunum: 1. janúar – Nýársdagur, 28. mars – skírdagur og 29. mars – föstudagurinn langi, 1. maí – verkalýðsdagurinn, 9. maí – uppstigningardagur, 20. maí - annan í hvítasunnu, 17. júní, 5. ágúst - frídag verslunarmanna, 24. - 26. desember – jólahátíðin, 31. desember – gamlársdagur. Bókasafnið í Ólafsfirði var auk þess lokað yfir sumartímamann í rúmar þrjár vikur frá 1. – 26. ágúst. Á hannyrðakvöldum á Siglufirði hefur bókasafnið verið opið á sama tíma frá kl. 20:00 – 22:00. Í heildina litið verður að endurskoða opnunartíma til að koma til móts við ólíkar þarfir safngesta. Símanúmer bókasafnanna var skráð á ja.is 464-9120 og 464-9215 og netfang er bokasafn@fjallabyggd.is

Mannauður

Stöðugildi við Bókasafn Fjallabyggðar er 1,5. Nýr forstöðumaður, Sigríður Halldóra Gunnarsdóttir kom til starfa 21. maí en hún er einnig héraðsskjalavörður¹. Í lok maí lét Vaka Steindórsdóttir, bókavörður í 0,5 stöðugildi í Ólafsfirði af störfum og stóð safnið á óstyrkum fótum þar sem ekki fékkst heimild til að ráða nýjan bókavörð strax til starfa vegna stjórnsýsluúttektar. Á meðan sinnti forstöðumaður bókasöfnum á báðum stöðum eða þar til í byrjun júlí þegar Vilhjálmur Hróarsson var ráðinn inn sem sumarstarfsmaður í 0,5 stöðugildi. Ráðningarsamningur við hann var framlengdur til ársloka vegna óvissu í starfsmannamálum í stjórnsýslunni í kjölfar stjórnsýsluúttektar. Á Siglufirði starfar Sigríður Sigurjónsdóttir í 0,5 stöðugildi sem bókavörður. Jóhann A. Knappett var ráðinn sumarstarfsmaður í 0,825 stöðugildi frá 8. júlí til 8. ágúst á bókasafnið á Siglufirði og sinnti hann almennum bókavarðarstörfum og upplýsingaþjónustu í upplýsingamiðstöð þegar á þurfti að halda. Bókaverðir í sitthvoru 0,5 stöðugildi sinntu einnig ræstingu á söfnunum sem þarfnast endurskoðunar fljótlega sem og ráðning afleysingamanneskju fyrir söfnin. Bókavörður á Siglufirði tók sumarfrí í sex vikur, aðrir starfsmenn unnu allt sumarið. Allir starfsmenn bókasafns og héraðsskjalasafns fóru í heilsuverndarmælingu sem sveitarfélagið bauð uppá í september.

Námskeið / fundir

9.-11. apríl sat forstöðumaður námskeiðið *Skráningarnámskeið*² hjá Landskerfum í Reykjavík.

6. júní sat forstöðumaður námskeiðið *Rafbækur og bókasöfn* hjá Upplýsingu á Akureyri. Leiðbeinandi var Óskar Þór Þráinsson, upplýsingafræðingur og stofnandi rafbókaveitunnar Emma.is

12. júní sóttu allir starfsmenn bókasafnsins ásamt starfsmanni frá starfsstöð upplýsingamiðstöðvar í Ólafsfirði námskeiðið: *Námskeið fyrir starfsfólk upplýsingamiðstöðva*³ sem Ferðamálastofa stóð fyrir á Akureyri.

3. september. Starfsmannafundur Bókasafns Fjallabyggðar haldinn á Siglufirði fyrir utan opnunartíma til að skerða ekki þjónustu við safngesti.

¹ Forstöðumaður Bókasafns Fjallabyggðar, stöðugildi 0,5 og Héraðsskjalavörður, stöðugildi 0,5

² <http://www.landskerfi.is/namskeid.php>

³ <http://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/getAllItems/1/namskeid-fyrir-starfsfolk-upplysingamidstodva-11>

19. september sátu starfsmenn námskeiðið *Leitir opna dyr*⁴ hjá Landskerfum á Akureyri. Þar var meðal annars kynntur www.sarpur.is, menningarsögulegt gagnasafn.

19. september sat forstöðumaður námskeiðið *Kerfiskeyrslur*⁵ hjá Landskerfum á Akureyri.

27. september sótti forstöðumaður málþingið *Almenningsbókasöfn – mikilvægur fjársjóður til framtíðar* og haustfund FINA, samtök forstöðumanna almenningsbókasafna hjá Bókasafni Mosfellsbæjar í Mosfellsbæ.

Viðburðir

Viðburðir voru fjölbreyttir og margvíslegir, hér verður imprað á þeim helstu.

Hannyrðakvöld

Hannyrðakvöld voru haldin í bókasafninu á Siglufirði yfir vetrarmánuðina og hefur verið gert síðan 2011. Síðasta ár voru þau 5 sinnum á tímabilinu janúar til mars og á tímabilinu september til nóvember 6 sinnum frá klukkan 20:00 – 22:00. Kvöldin hafa verið vel sótt og hafa að meðaltali 9 manns mætt á hvert hannyrðakvöld. Óvæntar uppákomur hafa verið og má þar helst nefna upplestur og gítarspil góðra manna. Seinni hluta árs var tekin sú stefna að auglýsa sérstaklega að bókasafnið væri opið almenningi á sama tíma og hefur það gefist vel. Allir eru velkomnir á hannyrðakvöld.

Sumarlestur

Sumarlestur var haldinn í fyrsta sinn síðasta sumar frá 10. júní til 29. ágúst fyrir börn 6 – 12 ára. Alls tóku 17 börn þátt, 11 á Siglufirði og 6 í Ólafsfirði. Börnin sem skráðu sig til leiks fengu bókapésa með sér heim og skráðu samviskulega niður ákveðin atriði úr bókinni. Þegar bók var skilað fengu þau síðan stimpil fyrir í pésann. Uppskeruhátíð var haldin 5. september og var Dómhildur Ýr dregin út af þátttakendum og hlaut hún bókina Risabókin um Risa í verðlaun og bókina Lestrardagbók⁶. Bókapési var óhentugur og skilaði sér illa, því væri vert að skoða hvort að bókamiðar væru ekki hentugri til afhendingar í hvert sinn sem bók væri tekin og skilað um leið og bókinni í þar tilgerðan kassa. Heimsókn í Grunnskóla Fjallabyggðar til að kynna átakið væri mikilvægur þáttur sem ekki náðist í þetta sinn.

⁴ <http://www.landskerfi.is/namskeid.php>

⁵ <http://www.landskerfi.is/namskeid.php>

⁶ <http://bokasafn.fjallabyggd.is/is/forsida/uppskeruhatid-sumarlesturs-1/>

Bókasafnsdagurinn

Mánudaginn 9. september var bókasafnsdagurinn haldinn hátíðlega og voru bókasöfnin skreytt með blöðrum ásamt því að óvæntar uppákomur voru í söfnunum⁷. Bókasafnsdagurinn var sektarlaus dagur.

Norræna bókasafnavikan

Þann 11. nóvember hófst Norræna bókasafnavikan. Bókasafn Fjallabyggðar tók þátt og stillti upp bókum sem tengdust þema ársins: Vetur í norðurlöndum. Plaköt voru hengd upp sem og póstkortum var dreift til safngesta.

Bókakynning / upplestur

Föstudaginn 22. nóvember kynnti Örlygur Kristfinnsson nýjustu bók sína Svipmyndir úr síldarbæ II strax í lok opnunartíma bókasafnsins á Siglufirði. Margt var um manninn og var almenn ánægja meðal gesta⁸.



Mynd 1. Uppstilling á handbókum á bókasafnsdeginum.

⁷ <http://bokasafn.fjallabyggd.is/is/forsida/bokasafnsdagurinn-1/>

⁸ <http://bokasafn.fjallabyggd.is/is/forsida/utgafukynning-svipmyndir-ur-sildarbae-ii/>

Héraðsskjalasafn Fjallabyggðar

Þann 18. ágúst 1984 var Héraðsskjalasafn Siglufjarðar stofnað, síðar Héraðsskjalasafn Fjallabyggðar við sameiningu Ólafsfjarðar og Siglufjarðar árið 2006. Héraðsskjalasafnið hefur því verið starfrækt í hart nær 30 ár. Héraðsskjalasafnið er staðsett á annarri hæð ráðhússins að Gránugötu 24 á Siglufirði en aðstaða og aðgengi fyrir safngesti er á fyrstu hæð í almenningubókasafninu.

Opnunartími

Afgreiðslutími var eftir samkomulagi við starfsmenn héraðsskjalasafns. Símanúmer héraðsskjalasafns var gert aðgengilegt á ja.is 464-9129 og netfang er skjalasafn@fjallabyggd.is

Mannauður

Stöðugildi við Héraðsskjalasafnið er 1. Nýr héraðsskjalavörður, Sigríður Halldóra Gunnarsdóttir kom til starfa 21. maí en hún er einnig forstöðumaður Bókasafns Fjallabyggðar⁹. Þann 1. apríl fór Hulda Stefánsdóttir til annarra starfa en hún hafði gengt starfi skjalavardar í 0,5 stöðugildi frá því á árinu á undan. Þar sem stjórnsýsluúttekt gekk yfir á þessum tíma fékkst ekki leyfi til að auglýsa eftir nýjum skjalaverði fyrr en haustið gekk í garð. Rósa Dögg Ómarsdóttir var ráðin inn sem skjalavörður í 0,5 stöðugildi og hóf hún störf 15. september nkl.

Námskeið / fundir

12. apríl sátu Sigríður Halldóra Gunnarsdóttir, héraðsskjalavörður og Hafdís Jónsdóttir, skjalastjóri Fjallabyggðar árlegan vörfund héraðsskjalavarda og stjórnenda Þjóðskjalasafns¹⁰ í Reykjavík.

19. september sátu starfsmenn námskeiðið *Leitir opna dyr*¹¹ hjá Landskerfum á Akureyri. Þar var meðal annars kynntur www.sarpur.is, menningarsögulegt gagnasafn.

23. – 24. september sótti héraðsskjalavörður árleg námskeið og aðalfund Félags héraðsskjalavarda á Íslandi¹² sem haldinn var í Stúkunni í Kópavogi að þessu sinni. Héraðsskjalasafn Kópavogs



Mynd 2. Merki Félag héraðsskjalavarda á Íslandi.

⁹ Forstöðumaður Bókasafns Fjallabyggðar, stöðugildi 0,5 og Héraðsskjalavörður, stöðugildi 0,5

¹⁰ http://skjalasafn.is/frettir/fundur_med_heradsskjalavordum

¹¹ <http://www.landskerfi.is/namskeid.php>

¹² http://www.heradsskjalasafn.is/index.php?option=com_content&view=article&id=338:raestefna-felags-heraesskjalavarea-haldin-i-kopavogi&catid=77:frettir&Itemid=100

átti allan heiður af undirbúningi og skipulagi í samstarfi við Félag héraðsskjalavarda á Íslandi.

15. október sat Rósa Dögg, skjalavörður námskeiðið *Frágangur, skráning og afhending pappírsskjalasafna*¹³ hjá Þjóðskjalasafni Íslands.

Héraðsskjalavörður kynnti sér starfssemi og aðstöðu annarra héraðsskjalasafna á árinu þar má nefna Héraðsskjalasafn Akraness, Héraðsskjalasafn Skagfirðinga, Héraðsskjalasafn Svarfdæla, Héraðsskjalasafn Þingeyinga, Héraðsskjalasafn Kópavogs og Héraðsskjalasafnið á Akureyri. Alls staðar var vel tekið á móti héraðsskjalaverði hvort sem heimsókn var skipulögð fyrirfram eða kom óvænt upp.

Afhendingar / heimsóknir

Á árinu voru 13 afhendingar til héraðsskjalasafnsins. Einkaskjalasöfn voru fimm og níu opinber skjalasöfn. Samtals 1,28 hillumetrar.

Heimsóknir safngesta voru átta talsins og er aðstöðuleysi fyrir gesti fyrst og fremst um að kenna.

Fyrirspurnir

Alls bárust 19 fyrirspurnir í gegnum tölvupóst og síma sem tók mislangan tíma að afgreiða svo vel væri.

Sýningar

Skjaladagurinn var haldinn hátíðlegur 9. nóvember og bar yfirskriftina *Fjár sjóðir úr fórum skjalasafnanna*

*Sjáðu hvað ég fann!*¹⁴. Rósa Dögg, skjalavörður tók saman og setti upp sýninguna *Leikur, fórnfýsi, áhugi* á leikskrá frá Gagnfræðiskóla Siglufjarðar í sýningaskápum

héraðsskjalasafnsins sem staðsettir eru í Bókasafni Fjallabyggðar á Siglufirði og aðgengilegir á opnunartíma þess, 13:30 – 17:00.

Verkefni / aðstaða / skjalageymslur

Helsta verkefnið á árinu hefur verið að skrá þau skjalasöfn sem eru til staðar á safninu margt af því frá stofnun safnsins í rafrænan gagnagrunn og gera hann aðgengilegan og leitarbæran á



Mynd 3. Sigríður Halldóra, héraðsskjalavörður og Jósep Örn Blöndal sonur Óla J. Blöndal heitins fyrrum forstöðumaður safnsins. Afhending á skjölum sumarið 2013 til héraðsskjalasafnsins úr skjalasafni þess síðar nefnda.

¹³ http://skjalasafn.is/vidburdur/fragangur_skraning_og_afhending_pappirsskjalasafna

¹⁴ <http://www.skjaladagur.is/leikur-fornfysi-ahugi/>

auðveldan hátt. Alls hafa verið skráðar eldri skjalaöskjur 365 talsins sem gera 29,20 hillumetra.



Mynd 4. Nokkrir héraðsskjalaverðir fengu sér heilsubótargöngu milli erinda á haustfundinum í Kópavogi.

Upplýsingamiðstöð ferðamála Fjallabyggð, Siglufirði

Upplýsingamiðstöð ferðamála var staðsett inná Bókasafni Fjallabyggðar á Siglufirði frá 15. maí til 15. ágúst þegar flestir ferðamenn sækja Fjallabyggð heim að sumri til. Ferðamenn sem heimsóttu upplýsingamiðstöðina voru sirka 1.400 frá öllum heimshornum.

Opnunartími

Frá 15. maí til 15. ágúst alla virka daga frá klukkan 11:00 – 17:00 og um helgar frá klukkan 11:00 – 15:00. Lokað á stórhátíðar-

dögum: 20. maí - annan í hvítasunnu, 17. júní, 5. ágúst - frídag verslunarmanna. Símanúmer upplýsingamiðstöðvar var skráð á ja.is 467-1555 og netfang er info@fjallabyggd.is



Mynd 5. Staðsetning upplýsingamiðstöðvar í barnadeild bókasafnsins sumarið 2013 ásamt Guðna Brynjólfi starfsmanni.

Mannauður

Starfsmaður upplýsingamiðstöðvar var Guðni Brynjólfur Ásgeirsson í 0,5 stöðugildi, frá klukkan 11:00 – 15:00 alla virka daga. Frá klukkan 15:00 – 17:00 sinnti Sigríður Sigurjónsdóttir upplýsingaþjónustu til ferðamanna ásamt því að sinna almennum bókavarðarstörfum. Jóhann A. Knappett, sumarstarfsmaður bókasafns sinnti upplýsingaþjónustu sem og bókavarðarstörfum í sumarleyfi Sigríðar. Helgaropnun var til skiptist í höndum Guðna Brynjólfs sem og forstöðumanns, Sigríðar Halldóru Gunnarsdóttur.

Námskeið


Þann 12. júní sóttu starfsmenn upplýsingamiðstöðvar á Siglufirði ásamt starfsmanni frá starfsstöð upplýsingamiðstöðvar í Ólafsfirði námskeiðið: *Námskeið fyrir starfsfólk upplýsingamiðstöðva*¹⁵ sem Ferðamálastofa stóð fyrir. Bókasafni Fjallabyggðar var lokað þennan dag en fræðslu- og menningarfulltrúi stóð vaktina í upplýsingamiðstöðinni. Það er mikilvægt fyrir starfsmenn að hitta aðra sem vinna á sama starfsvettvangi og þeir sjálfir. Námskeiðið í heild sinni var áhugavert í flesta staði en þar bar hæst kynning á nýjum vef um öryggi í ferðalögum, www.safetravel.is sem og kynning á *Leiðbeiningarit fyrir starfsfólk upplýsingamiðstöðva*¹⁶

¹⁵ <http://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/getAllItems/1/namskeid-fyrir-starfsfolk-upplysingamidstodva-11>

¹⁶ <http://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/getAllItems/1/leidbeiningarit-fyrir-starfsfolk-upplysingamidstodva-1>


Heimsóknir

Ferðamenn koma á bókasafnið allan ársins hring mismikið eftir árstíma. Skráning á komum ferðamanna hófst í lok maí og lauk í september. Á mynd 6 má sjá hvenær ferðamenn voru helst á ferðinni miðað við opnunartíma upplýsingamiðstöðvar. Flestir koma við í júlí mánuði eða alls 633 ferðamenn sem dreifðist nokkuð jafnt í heildina litið yfir opnunartímamann.



Mynd 6. Fjöldi ferðamanna á upplýsingamiðstöð á opnunartíma ellefu til fimm í hverjum mánuði.

Þjóðerni ferðamanna var mjög fjölbreytt eins og sjá má á mynd 7 á bls. 13. Ekki var skráður nákvæmur fjöldi ferðamanna eftir þjóðerni heldur var það tekið saman í heildina fyrir hvern dag fyrir sig. Áhugavert er að sjá að Finnar komu eingöngu í júní líkt og Slóvakar, Svisslendingar og Taílandingar í ágúst. Þá létu flest þjóðerni sjá sig í júlí sem kom ekki á óvart miðað við að flestir ferðamenn voru þá á ferðinni. Í heildina voru 30 mismunandi þjóðerni sem heimsóttu upplýsingamiðstöðina á árinu.



Mynd 7. Þjóðerni ferðamanna eftir mánuðum. 1 = júní, 2 = júní, júlí, 3 = júní, júlí, ágúst, 4 = júlí, 5 = júlí, ágúst, 6 = ágúst.

Bæklingar / kort

Göngukortin fjögur sem Hólar gefa út¹⁷: *Gönguleiðir á Tröllaskaga I*, *Gönguleiðir á Tröllaskaga II*, *Gönguleiðir á Tröllaskaga III* og *Gönguleiðir á Tröllaskaga IV* voru til sölu fyrir gesti og gangandi. Þrjú af Söngukortum Íslands eftir Rögnvald Eiríksson voru einnig til sölu¹⁸, NV-landshlutakortið, NA-landshlutakortið og kortið af Íslandi í heild sinni á ensku, norsku, þýsku og íslensku. Þetta féll í góðan farveg hjá ferðamönnum þrátt fyrir að texti gönguleiðakorta sé eingöngu á íslensku.

Æskilegt væri að skoða hvort styttri gönguleiðir í nágrenni Siglufjarðar og Ólafsfjarðar mætti gefa út í póstkortastærð sem handhægt væri fyrir ferðamenn að taka með sér. Göngukort Fjallabyggðar sýnir ekki gönguleiðir um ríplana sem ósjaldan var spurt um yfir sumartímann. Ferðamenn leituðu einnig eftir að kaupa póstkort með ljósmyndum úr sveitarfélaginu en fátt var um slíkt á upplýsingamiðstöðinni og væri vert að skoða.

¹⁷ http://holar.is/almennt_efni/gongukort

¹⁸ http://landogsaga.is/section.php?id=7705&id_art=7833